

Flóahreppur  
Þingborg,  
803 Selfossi (dreifbýli)

Garðabær, 7. maí 2025  
202503-0268/A.B.  
08.02

## Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Hvítárbyggð L238531, Hjálmholt; Frístundabyggð F22 Flóahreppur.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 27. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvítárbyggð/Hjálmholt í Flóahreppi. Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps, alls um 60 ha svæði. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á bilinu 9.600 - 17.800 m<sup>2</sup> að stærð, gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu innan hverrar lóðar innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03.

### Hraun

Náttúruverndarstofnun bendir á að hraunið innan skipulagssvæðisins nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð segir að „Leitast verði við að hlífa hrauni og votlendisblettum innan svæðisins.“

Orðalagið er ekki í samræmi við ákvæði laganna og því þarf að lagfæra það.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruvirkjarnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvirkjunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruvirkjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku

og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ekki liggur fyrir náttúrufarskortlagning eða faglegt mat á hraunmyndunum.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

### **Fuglalíf**

Skipulagssvæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis sem nefnist Suðurlandsundirlendi. Á svæðinu er nánast einungis mosamóavist skv. vistgerðarkorti Náttúrufæðistofnunar. Í mosamóavist er fremur rýrt fuglalíf en algengustu tegundirnar eru spói, heiðlóa, lóupræll, þúfutittlingur og hrossagaukur. Talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun allra þessara tegunda utan hrossagauks. Ekki er hægt að fullyrða um orsakir fækkunarinnar en tegundirnar verða almennt fyrir neikvæðum áhrifum vegna aukinnar landnotkunar<sup>1</sup>. Spói, heiðlóa og lóupræll eru ábyrgðartegundir Íslands, sem þýðir að yfir 20% af Evrópustofnum tegundanna á varpstöðvar á landinu eða kemur við hér á ferðum sínum.

Þó rýrt fuglalíf sé meginreglan í mosamóavist er þó tilefni til þess að staldra við og athuga hvort þrengt sé að þessum ábyrgðartegundum okkar. Komi til framkvæmda vill Náttúruverndarstofnun benda á að ef nokkurt fuglalíf er á svæðinu og jaðarsvæðum þess er æskilegt að framkvæmdir fari fram utan varp- og ungatíma eins og kostur gefst.

Virðingarfyllt,  
Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

**Fróði Guðmundur Jónsson**  
*sérfræðingur*

---

<sup>1</sup> <https://moi.hi.is/is/mofuglar>